

# 298. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGUR 2. OKTÓBER 2019 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

---

## DAGSKRÁ

---

- 1) Fundarsetning og fundargerðir síðustu funda
- 2) Fjármál og fasteignir
  - a) Þingeyrarklausturkirkja, deiliskipulag
  - b) Reykholtssókn, fjárhagsmálefni
  - c) Reykjavíkurborg, Frakkastígsreitur 1.172.1., umsagnarbeiðni
  - d) Hof í Vopnafirði
    - i. Staðarholt (lóðarleiga)
    - ii. Skógrækt á landi Hofis
    - iii. Prestsetrið á Hofi
  - e) Staðará, tillögur lögmanns
  - f) Syðra Laugaland, lagning jarðstrengja
  - g) Stafholt,
    - i. deiliskipulag
    - ii. úttektarskýrsla landsúttektarmanna
  - h) Reykhólar, tilboð í byggingu prestbústaðar
- 3) Málefni Skálholts
  - a) Skálholtsdómkirkja, uppfærð ástandsskýrsla og kostnaðaráætlun
  - b) Gestastofa Skálholti, áfangi 1, frumkostnaðaráætlun
  - c) Erindi vegna starfs og stöðu ráðsmanns í Skálholti
  - d) Erindi frá stjórn Skálholts, viðbótarfjárveiting vegna ársins 2019
- 4) Alþingi, umsagnarbeiðni
- 5) Kirkjutónlistarráð, skipunarmál o.fl.
- 6) Kirkjuþing 2019, þingmál kirkjuráðs
  - a) Umhverfisnefnd þjóðkirkjunnar, þingsályktunartillögur
  - b) Ársskýrsla kirkjuráðs og skýrsla um fjármál
  - c) Tillaga að stefnumótun fyrir kærleiksþjónustu kirkjunnar
  - d) Starfsreglur
- 7) Hallgrímssókn, passíusálmaútgáfa
- 8) Fjölskylduþjónusta, erindi Gunnars R. Matthíassonar
- 9) Sálmaþókarnefnd, erindið varðandi fjárhagsmálefni
- 10) Vídalínsverkefni

11) Borgarnessókn, erindi varðandi fjárhagsmálefni

12) Hallgrímskirkja í Saurbæ, tónleikaröð, erindi Jóseps Gíslasonar

13) Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri kirkjuráðs, starfslok
- b) Saurbær á Hvalfjarðaströnd
- c) Stefgjöld
- d) Starfsmannalistar
- e) Erindi frá launanefnd

---

## 1. FUNDARSETNING

---

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 9:30 með ritningarlestri og bæn. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu, Sigurbjörg Níelsdóttir Hansen, fjármálastjóri Biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Séra Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti, sótti fundinn undir dagskrárlið 3.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings, sat fundinn undir dagskrárlið 6.

---

## 2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

---

Fyrir fundinum lá fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs dagsett 16. september 2019.

*a) Þingeyrarklausturskirkja, deiliskipulag*

Fjármálahópur kirkjuráðs leggur til að deiliskipulag við Þingeyrarklausturskirkju, sem lagt var fram til umsagnar, verði samþykkt.

Kirkjuráð samþykkti deiliskipulagið.

*b) Reykholtssókn, fjárhagsmálefni*

Fjárhagsleg málefni Reykholtssóknar voru kynnt kirkjuráði sem og tillaga fjármálahóps kirkjuráðs að afgreiðslu málsins.

Biskup mun fylgja málinu eftir.

*c) Reykjavíkurborg, Frakkastígsreitur 1.172.1., umsagnarbeiðni*

Reykjavíkurborg óskar eftir umsögn um breytingu á skipulagi svokallaðs Frakkastígsreits.

Kirkjuráð samþykkti að gera engar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á skipulagi.

*d) Hof í Vopnafirði*

i) Staðarholt (lóðarleiga),

Félagsheimili stendur á landi Hofs og vilji er til að ganga frá leigusamningi á landinu vegna þess.

Kirkjuráð samþykkti að fela fasteignasviði að ganga frá lóðaleigusamningi vegna félagsheimilisins.

ii) Skógrækt á landi Hofs

Erindi frá verkefnistjóra á skógræktarsviði hjá sveitarfélaginu Vopnafirði, frá 25. september sl. lagt fram. Áhugi er hjá heimamönnum að ráðast í skógrækt í landi Hofs í Vopnafirði.

Kirkjuráð lítur jákvætt á erindið og felur umhverfisnefnd kirkjunnar að afla frekari upplýsinga um málið og gera tillögu til kirkjuráðs að afgreiðslu þess.

iii) Prestsetrið á Hofi, Vopnafirði

Sóknarprestur hefur ekki búsetu á Hofi heldur hefur búið um árabíl á Vopnafirði.

Kirkjuráð samþykkti að fela fasteignasviði að auglýsa til útleigu fyrrum prestsetrið á Hofi, sem nú stendur autt.

e) Staðará, tillögur lögmans

Gögn er varða veiðiréttindi í Staðará og málefni þeim tengdum, lögð fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að fela Hilmarí Gunnarssyni hrl. að afgreiða málið í ljósi þeirra tillagna sem lagðar voru fram á fundinum.

f) Syðra Laugaland, lagning jarðstrengja

Kirkjuráð samþykkti lagningu jarðstrengja í landi Syðra Laugalands samkvæmt þeim gögnum sem höfðu áður verið kynnt í ráðinu.

g) Stafholt

i) Deiliskipulag

Teiknistofa TGJ hefur unnið að deiliskipulagi í Stafholti.

Kirkjuráð samþykkti að ljúka deiliskipulagsvinnu og mun við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2020 sjá hvort hægt verði að hrinda verkefninu í framkvæmd á næsta ári.

ii) Úttektarskýrsla landsúttektarmanna

Úttektarskýrsla landsúttektarmanna lögð fram.

Kirkjuráð samþykkti úttektina og hefur þegar gert upp við fv. ábúanda samkvæmt niðurstöðu landsúttektarmanna.

h) Reykhólar, tilboð í byggingu prestbústaðar

Tilboð Hrafshóla ehf. í byggingu prestbústaðar á Reykhólum lagt fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að taka ekki tilboðinu, heldur fela fasteignasviði að vinna kostnaðaráætlun að endurbótum á núverandi prestbústað á Reykhólum og leggja fram á næsta fundi kirkjuráðs.

---

### 3. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

---

a) Skálholtsdómkirkja, uppfærð ástandsskýrsla og kostnaðaráætlun

Uppfærð ástandsskýrsla og kostnaðaráætlun vegna lagfæringa á Skálholtskirkju lögð fram.

Vígslubiskup kynnti stöðu mála.

b) Gestastofa Skálholti, áfangi 1, frumkostnaðaráætlun

Tillaga að fyrsta áfanga gestastofu í Skálholti, fyrrum vígslubiskupshúsi, frá ASK Arkitektum ásamt frumkostnaðaráætlun dagsett 15. júlí sl. lögð fram.

Kirkjuráð samþykkti að taka tillöguna til skoðunar í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2020.

*c) Erindi vegna starfs og stöðu ráðsmanns í Skálholti*

Erindi vígslubiskups í Skálholti vegna starfs og stöðu ráðsmanns í Skálholti, lagt fram, dagsett 24. september. Vígslubiskup kynnti erindið.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að taka málið til umfjöllunar og gera tillögu til kirkjuráðs að afgreiðslu málsins fyrir næsta fund.

*d) Erindi frá stjórn Skálholts, viðbótarfjárveiting vegna ársins 2019*

Erindi stjórnar Skálholts varðandi beiðni um viðbótarfjárveitingu vegna ársins 2019 lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að taka málið til umfjöllunar og gera tillögu til kirkjuráðs að afgreiðslu málsins fyrir næsta fund.

---

#### 4. ALÞINGI, UMSAGNARBEIÐNI

---

Alþingi sendi kirkjuráði og biskupi beiðni um umsagnir vegna breytinga á ýmsum lögum, svo sem um sóknargjöld o.fl.

Biskup hefur þegar áframsent beiðnina formönnum sóknarnefnda með þeirri hvatningu að sóknarnefndir bregðist við beiðninni og sendi Alþingi umsögn um tillögu að breytingu á lögum um sóknargjöldum o.fl.

Kirkjuráð samþykkti að veita umsögn um málið, sem biskup mun gera tillögu að.

---

#### 5. KIRKJUTÓNLISTARRÁÐ, SKIPUNARMÁL O.FL.

---

Kirkjuráði láðist að skipa kirkjutónlistarráðið að nýju, líkt og átti að gera í kjölfar kirkjuþings 2018. Þegar hefur verið óskað eftir því að tilnefningaraðilar skili tilnefningum í ráðið. Þar til tilnefningar hafa borist hyggst kirkjuráð framlengja umboði núverandi kirkjutónlistarráðs, en sitjandi ráðsmenn eru tilbúnir að taka verkefnið að sér.

Kirkjuráð samþykkti að framlengja umboð núverandi fulltrúum kirkjutónlistarráðs, þar til nýtt ráð verður skipað. Stefnt er að því að sú skipun verði frá 1. desember 2019 – 30. júní 2023.

---

#### 6. KIRKJUÞING 2019, ÞINGMÁL KIRKJURÁÐS

---

*a) Umhverfisnefnd þjóðkirkjunnar, þingsályktunartillögur*

Drög að þingsályktunartillögum frá umhverfisnefnd þjóðkirkjunnar lagðar fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti, að tillögu umhverfisnefndar, að leggja fram á kirkjuþingi 2019 þær fjórar tillögur sem kynntar voru.

*b) Ársskýrsla kirkjuráðs og skýrsla um fjármál*

Rætt um ársskýrslu kirkjuráðs og skýrslu kirkjuráðs um fjármál, sem kirkjuráð mun leggja fram á kirkjuþingi 2019 sem sett verður laugardaginn 2. nóvember nk.

*c) Tillaga að stefnumótun fyrir kærleikspjónustu kirkjunnar*

Kirkjuþing 2018 samþykkti að fela kirkjuráði að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun fyrir kærleikspjónustu þjóðkirkjunnar.

□ Kirkjuráð samþykkti að skipa eftirfarandi aðila í nefndina:

Séra Þór Hauksson, tilnefndur af Prestafélagi Íslands.

Elísabet Gísladóttir, djákni, og varamaður hennar Helga Björk Jónsdóttir, djákni, tilnefndar af Djáknafélagi Íslands.

Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni og verkefnastjóri á Biskupsstofu, sem verði formaður nefndarinnar.

*d) Starfsreglur*

Rætt um fyrirhugaðar breytingar á ýmsum starfsreglum.

---

## 7. HALLGRÍMSSÓKN, PASSÍUSÁLMAÚTGÁFA

---

Lagt fram erindi sóknarnefndar Hallgrímssóknar frá 18. júní sl. vegna fyrirhugaðrar útgáfu á nýrri útgáfu Passíusálmana.

□ Kirkjuráð samþykkti að veita fjárstyrk úr Kristnisjóði að fjárhæð 900 þ.kr., sem verður afgreitt í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

---

## 8. FJÖLSKYLDUÞJÓNUSTA KIRKJUNNAR, ERINDI SÉRA GUNNARS R. MATTHÍASSONAR

---

Erindi séra Gunnars Rúnars Matthíassonar frá 11. september sl. lagt fram til kynningar, sem varðar ráðninga í ráðgjafarstörf hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

---

## 9. SÁLMABÓKARNEFND, ERINDI VARÐANDI FJÁRHAGSMÁLEFNI

---

Erindi sálmaþókarnefndar til biskups Íslands og kirkjuráðs dagsett 23. september sl. lagt fram. Sálmaþókarnefnd óskar eftir viðbótarframlagi til að ljúka við útgáfu nýrrar sálmaþókar.

□ Kirkjuráð samþykkti að heimila nefndinni að ljúka vinnunni við útgáfu sálmaþókarinnar, en óskar jafnframt eftir nánari upplýsingum í endurskoðaðri fjárhagsáætlun.

---

## 10. VIDALÍNSVERKEFNI

---

Erindi frá Torfa Hjaltalín Stefánssyni dagsett 23. september sl. lagt fram varðandi útgáfu á ritum um séra Jón Þorkelssonar Vídalín, biskup. Árið 2020 er 300 ára ártíð Jóns.

□ Kirkjuráð samþykkti að skoða málið nánar í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar kirkjunnar vegna ársins 2020.

---

## 11. BORGARNESSÓKN, ERINDI VARÐANDI FJÁRHAGSMÁLEFNI

---

Erindi frá sóknarnefnd Borgarnessóknar dagsett 30. júlí sl., varðandi fjárhagsleg málefni sóknarinnar lagt fram.

□ Kirkjuráð samþykkti að benda sóknarnefnd á að sækja um fjárstyrk í Jöfnunarsjóð sókna. Biskup Íslands mun svara erindinu.

---

## 12. HALLGRÍMSKIRKJA Í SAURBÆ, TÓNLEIKARÖÐ, ERINDI JÓSEPS GÍSLASONAR

---

Erindi Jóseps Gíslasonar dagsett 3. september sl., varðandi tónleikaröð í Hallgrímskirkju í Saurbæ, lagt fram til kynningar.

---

## 13. ÖNNUR MÁL

---

a) *Framkvæmdastjóri kirkjuráðs, starfslok*

Um málið er fjallað á 297. fundi kirkjuráðs og er það tekið út af dagskrá þessa fundar.

b) *Saurbær á Hvalfjarðarströnd*

Um málið er fjallað á 297. fundi kirkjuráðs og er það tekið út af dagskrá þessa fundar.

c) *Stefgjöld*

Minnisblað Ragnhildar Benediktsdóttur frá 22. september sl. til fjármálahóps kirkjuráðs, lagt fram til kynningar. Flutningur á tónlist, sálmum og lögum í athöfnum kirkjunnar til umræðu.

□ Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því að söngmálastjóri sæki næsta fund kirkjuráðs til að skýra málið.

d) *Starfsmannalistar*

Listar yfir þjónandi presta og starfsfólk Biskupsstofu lagðir fram.

e) *Erindi frá launanefnd*

Erindi frá launanefnd þjóðkirkjunnar dagsett 23. september sl. lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:36.

Næsti fundur er áætlaður 16. október nk.

---

Agnes. M. Sigurðardóttir  
biskup Íslands

---

Þorvaldur Víðisson,  
biskupsritari

---

Séra Arna Grétarsdóttir

---

Séra Axel Árnason Njarðvík

---

Svana Helen Björnsdóttir

---

Stefán Magnússon